



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BEETHOVEN & SHOSTAKOVITSJ

15. JANÚAR 2026
ELDBORG HARPA



VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS

TÍMALENGD VERKA:

FIÐLUKONSERT 42'
SINFÓNÍA 48'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

BEETHOVEN & SHOSTAKOVITSJ

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 15. JANÚAR KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

BJARNI FRÍMANN BJARNASON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

CLARA-JUMI KANG
EINLEIKARI

LUDWIG VAN BEETHOVEN

Fiðlukonsert í D-dúr op. 61 (1806)
Allegro ma non troppo
Larghetto
Rondo. Allegro

HLÉ

DMÍTRÍJ SHOSTAKOVITSJ

Sinfónía nr. 5 í d-moll op. 47 (1937)
Moderato
Allegretto
Largo
Allegro non troppo

BJARNI FRÍMANN BJARNASON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Bjarni Frímann Bjarnason stundaði fiðlunám hjá Lilju Hjaltadóttur og Guðnýju Guðmundsdóttur og lauk prófi í víóluleik frá Listaháskóla Íslands. Árið 2009 bar hann sigur úr þýtum í Ungum einleikurum, einleikarakeppni Listaháskóla Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og lék í framhaldinu víóluconsert Bartóks með sveitinni á tónleikum. Að því loknu stundaði hann nám í hljómsveitarstjórn undir handleiðslu Fred Buttkewitz við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín.

Bjarni Frímann hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum á Íslandi, svo sem Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, CAPUT og Elju kammersveit, og einnig Hallé hljómsveitinni í Manchester, Útvarpshljómsveitinni í Berlín og Orchestra Teatro Colón í Buenos Aires. Hann var útnefndur Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2016. Sama ár stjórnaði hann flutningi á óperunni UR_ eftir Önnu Þorvaldsdóttir við óperuna í Osló, í Chur og Basel og á Listahátíð í Reykjavík og árið eftir stjórnaði hann hljómsveitartónleikum Bjarkar Guðmundsdóttur í Mexíkóborg, Filharmóníunni í Los Angeles og í Hörpu. Bjarni tók við stöðu tónlistarstjóra Íslensku óperunnar í janúar 2018 og stýrði uppfærslum hennar á Toscu, Hans og Grétu, La traviata og Brúðkaupi Figarós. Hann var staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2018–2020 og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem Flytjandi ársins 2019. Þá hefur Bjarni hefur komið fram víða um Evrópu sem strengja- og hljómborðsleikari, m.a. í Berlínarfilharmóníunni og í Konzerthaus í Vínnarborg. Í maí 2025 hlaut Bjarni hæfileikaverðlaun Léonie Sonnings sjóðsins.

Síðastliðið vor tók Bjarni við stöðu listræns stjórnanda hjá kammersveitinni BIT20 í Björgvin og í vetur hefur hann jafnframt starfað við óperuna í Malmö. Síðar í þessum mánuði mun hann preyta frumraun sína með Dönsku útvarpshljómsveitinni. Þetta er í þriðja sinn sem Bjarni Frímann stjórnar Sinfóníuhljómsveitinni á þessu starfsári, en hann stýrði sveitinni á „Klassíkinni okkar“ í ágústlok og stórtónleikum Mugison í nóvember s.l.

CLARA-JUMI KANG

EINLEIKARI



Fiðluleikarinn Clara-Jumi Kang er af suður-kóresku bergi brotin, en er fædd og uppalin í Þýskalandi. Hún hóf fiðlunám sitt aðeins þriggja ára gömul og aðeins ári síðar varð hún yngsti nemandinn í sögu tónlistaháskólans í Mannheim. Sjö ára var henni boðin innganga í Julliard skólann í New York þar sem hún lærði hjá Dorothy Delay. Hún lauk háskólanámi sínu í fiðluleik við Listaháskóla Kóreu undir leiðsögn Nam-Yun Kim og bætti að lokum við nokkrum árum með Christoph Poppen við tónlistarháskólann í München.

Á þessu starfsári er Kang staðarlistamaður Konunglegu filharmóníusveitarinnar í Stokkhólmi og kemur reglulega fram með henni. Hún mun einnig koma fram með Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Konunglegu filharmóníuhljómsveitinni, vera einleikari á tónleikaferð evrópsku kammersveitarinnar og hljómsveitinni Filharmóníu á tónleikaferð þeirra um Kóreu. Af öðrum hápunktum starfsársins má einnig nefna tónleika með Filharmóníusveit BBC, Sinfóníuhljómsveitinni í Houston, Filharmóníuhljómsveitinni í Monte Carlo og Sinfóníuhljómsveit Hamborgar í Elbfilharmóníunni að ógleymdum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands í kvöld.

Kang er fastagestur á þekktum tónlistarhátíðum jafnt sem einleikari eða þátttakandi í kammertónlistarflutningi. Þar á meðal BBC Proms, Hollywood Bowl, Salzburg hátíðinni, Verbier hátíðinni og víðar. Sem flytjandi kammertónlistar hefur hún starfað með flytjendum á við Mörthu Argerich, Gidon Kremer, Mischa Maisky og Janine Jansen.

Kang hefur gefið út tvö hljóðrit á vegum Decca útgáfunnar. *Modern Solo* með einleiksverkum eftir ýmsa höfunda og *Schumann & Brahms* ásamt píanóleikaranum Yeol Eum Son. Árið 2021 kom út athyglisverð heildarútgáfa á öllum fiðlusónötum Ludwig van Beethovens í meðförum Kang og píanóleikarans Sunwook Kim, en hann hefur komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í tvígang bæði sem stjórnandi og einleikari. Clara-Jumi Kang leikur á Stradivariusfiðlu kennda við "Thunis" frá árinu 1702 en fiðlan sú var eitt sinn í eigu Jeanette Ysaÿe, ekkju tónskáldsins og fiðluleikarans Eugène Ysaÿe. Það eru KIA Motors sem lána Kang fiðluna. Þetta er í fyrsta sinn sem Clara-Jumi Kang kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

LUDWIG VAN BEETHOVEN

FIÐLUKONSERT Í D-DÚR OP. 61



TÓNLISTIN OG SÍ

Fiðlukonsert Beethovens hefur fylgt hljómsveitinni frá fyrsta starfsári hennar, en Björn Ólafsson, fyrsti konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands lék hann á tónleikum í maímánuði 1951 undir stjórn Róberts Abrahams Ottósonar. Björn lék konsertinn alls 11 sinnum með ýmsum stjórnendum, síðast með Karsten Andersen árið 1974. Aðrir konsertmeistarar hljómsveitarinnar hafa einnig leikið konsertinn; Guðný Guðmundsdóttir árið 1989 og Sigrún Eðvaldsdóttir árið 2021. Meðal þekktra fiðluleikara sem leikið hafa konsertinn með SÍ má nefna Josef Suk (1967), György Pauk (1970), Yehude Menuhin (á Listahátíð í Reykjavík 1972), Leila Josefowicz (2009) og Isabella Faust, en hún lék einleik með hljómsveitinni síðast þegar konsertinn var fluttur undir stjórn Evu Ollikainen árið 2023. Þetta er í 38. skiptið sem konsertinn ratar á efnisskrá hljómsveitarinnar.

Fiðlukonsertinn op. 61 eftir Ludwig van Beethoven (1770-1827) er einn vinsælasti fiðlukonsert hljómsveitarbókmenntanna og vermir iðulega eitt af efstu sætunum þegar fjöldi flutninga er skoðaður. (Konsertarnir eftir Mendelssohn, Tsjajkovskíj og Brahms eru þarna líka). Það kann því að hljóma sérkennilega að konsertinn vakti litla sem enga athygli þegar hann var frumfluttur á Þorláksmessu árið 1806. Ástæðurnar fyrir þessu fálæti þá eru eflaust margþættar, en líklegasta skýringin er einfaldlega sú að listrænt umfang konsertsins og lengd reyndist of stór biti fyrir áheyrendur þess tíma. Konsertinn er tæpar 45 mínútur að lengd og fyrsti þátturinn einn, rúmur helmingur mínútufjöldans. Beethoven hafði, þegar hér var komið sögu, skrifað fjórar sinfóníur og átti orðið auðvelt með að klæða hugmyndir sínar í stóran sinfónískan búning með drjúgu rými til úrvinnslu stefjaefnis í hljómsveitartartinum. Það var ekki fyrir en 38 árum eftir frumflutninginn, 17 árum eftir dauða tónskáldsins, þegar hinn 12 ára fiðlusnillingur Joseph Joachim flutti konsertinn í London undir stjórn Felix Mendelssohn, að heimurinn var tilbúinn fyrir þetta meistarverk og hefur konsertinn verið fastagestur á tónleikapöllum heimsins síðan þá. Hinn magnaði fyrsti þáttur, *Allegro ma non troppo*, hefst á fjórum hógværum pákuslögum, sem eiga eftir að fylgja okkur eins og skugginn í gegnum allan þáttinn og birtast í ólíkum myndum, ýmist í hljómsveitinni eða einleiksfiðlunni: stundum veikt líkt og í upphafi, en einnig af fitonskrafti í allri hljómsveitinni. Önnur stef fyrsta þáttar eru snotur og fínleg; oftast samsett úr risandi eða fallandi tónstigabrotum. Hægi þátturinn, *Larghetto*, hefst með þremur tilbrigðum yfir 10 takta stef, sem leikin eru af hinum ýmsu hljóðfærahópum hljómsveitarinnar með fíngerðum skreytingum einleikarans. Fiðlan færir okkur þá nýtt stef, jafnvel enn íhugulla en það fyrra, sem einnig er meðhöndlað með tilbrigðum. Þegar við höldum að kaflinn sé í þann vegin að fjara út, tekur Beethoven skarplega í taumana og með kröftugri hrynjandi tengir hann saman þennan kyrrláta þátt við fjörmikinn lokapáttinn, *Rondo. Allegro*. Grípandi stefið, sem Beethoven leikur sér með í einkar margbreytilegum myndum, á eflaust eftir að sitja eftir í hlustum áheyranda fram eftir kvöldi. Þar sem Beethoven skrifaði engar einleikskadensur í konsertinn hafa fjölmargir fiðluleikarar og tónskáld spreytt sig á að semja kadensur fyrir konsertinn. Þar á meðal var fiðlusnillingurinn Fritz Kreisler, en Clara-Jumi Kang leikur einmitt kadensur hans á tónleikunum í kvöld.

DMÍTRÍJ SHOSTAKOVITSJ

SINFÓNÍA NR. 5 Í D-MOLL OP. 47



Það er ólíklegt að nokkurt tónskáld hafi átt jafn mikið undir tónlist sinni og Dmitrij Shostakovitsj (1906–1975) þegar að kom að frumflutningi 5. sinfóníu hans í nóvember árið 1937. Árinu áður hafði hann á einni nóttu misst sæti sitt sem eitt af eftirlætis tónskáldum Sovétríkjanna og varð úthrópaður formalisti sem hefði tapað tengslum við þjóð sína. Tilefnið var að Stalín mislíkaði mjög tónlist Shostakovitsj í óperunni um *Lafði Makbeð frá Mtsensk*. Á tímum hreinsana Stalíns jafngilti svona útilokun oftast fangelsisvist í Gúlaginu og/eða dauða, en sennilega hefur yfirvöldum þótt nóg að halda Shostakovitsj í greipum stöðugs ótta, tilfinningu sem hann gat aldrei losnað við það sem eftir lifði ævinnar. Tónmál 5. sinfóníunnar er nokkuð aðgengilegra en í fyrri sinfóníum hans, tóntegundir skýrari og stefin einfaldari og lagrænni en oft áður. Sinfónían hefst í d-moll, en lýkur í D-dúr, vafin björtum hetjuljóma. Þessi atriði eru sennilega þau sem gerðu það verkum að yfirvöld hömpuðu 5. sinfóníunni sem meistaraverki og gagnrýnendur sögðu að Shostakovitsj hefði greinilega lært af mistökum sínum og væri nú sannur sovéskur listamaður. Áheyrendur við frumflutning Fílharmóníusveitar Leníngrað á sinfóníunni í nóvember 1937 voru einnig frá sér numin af hrifningu, en það er líklegra að þau hafi upplifað aðra hluti en eftirlitsmenn stjórnvalda.

Það hefur verið sagt að í raun sé 5. sinfónían spegill samtíma síns og lýsi betur en margt annað ógn og firringu Stalín-tímans: Tónlistin er ágeng hlaðin dulinni ógn sem virðist alltaf vera nálæg, gleðin virkar þvinguð, hergöngulögin afkáraleg, en harmurinn djúpur og sannur. Meira að segja hinn ofurbjarti lokahluti er lítaður með moll-hljómum eins og til að gefa til kynna að hetjan sé ekki öll þar sem hún er séð.

Það má segja að byggingarefni alls fyrsta þáttar, *Moderato*, sé sett fram í fyrstu fjórum tóktunum. Kaflinn hefst á auðþekkjjanlegu stafi sem grípur athyglina strax. Punkterað mótíf sem sett er fram líkt og keðjusöngur (kanon) þar sem það byrjar í djúpu strengjunum og er svarað í fiðlum. Stefið kinkar augljóslega kolli til upphafsstefs 9. sinfóníu Beethovens, sem einnig er í d-moll. Það fellur síðan hægt niður á fortón tóntegundarinnar og lýkur með þremur endurteknum tónum. Þetta byggingarefni nægir Shostakovitsj til að knýja áfram

allan fyrsta þáttinn, þar sem við getum iðulega heyrt einhvern hluta efnisins í fjölbreyttum myndum; leikinn hægt eða hratt, styttn eða lengdan. Stundum í forgrunni, en einnig sem bakgrunn fyrir nýtt stefjaefni.

Annar þátturinn sver sig í ætt við *Scherzo*-þætti Mahlers, en öfugt við *Scherzo* Mahlers erum við ekki leidd inn í rómantíska Alpastemningu, heldur groddalegan dans, sem gæti jafnvel átt heima í sirkustjaldi. Staðgengill *Trio*-kaflans hljómar eilítið líkt og tónlist úr spiladós fyrir upptrekta ballerínu; fyrst í einleiks fiðlu og síðar í flautu. Stefið fær á sig harðneskjulegri blæ með kröftugri strengjainnkomu og kraftmiklum hornum. Þegar komið er aftur í upphafshlutann er hann orðinn gerbreyttur. Fagottin tipla bassalínuna á meðan að strengirnir plokka laglínuna. Þættinum lýkur svo á kraftmikinn hátt í a-moll.

Shostakovitsj þurfti að sjá á eftir mörgum ættingjum sínum, vinum og samstarfsfólki í hreinsunum Stalíns, sem hófust árið 1936. Sumir hverjir áttu aldrei afturkvæmt, aðrir sátu í fangabúðum árum, eða áratugum saman. Og hann var ekki einn, allir þekktu einhverja sem höfðu horfið eða verið handteknir upp úr þurru, oft að næturlagi. Þriðji þáttur sínfóníunnar, *Largo*, hefur stundum verið nefndur Sálumessa fyrir fórnarlömb ofsókna Stalíns. Auðvitað er það eftiráskýring, en áheyrendur þetta nóvemberkvöld í Leníngrað vissu nákvæmlega hvað Shostakovitsj var að túlka í þessum harmræna þætti, sem inniheldur einstaka fegurð, djúpa sorg og hrópandi angist. Strengirnir bera hitann og þungann í þættinum, en tréblásarar fá gullfallegar einleikshendingar. Shostakovitsj sleppir á hinn bóginn öllum málmblásurum í þessum kafla.

Lokapátturinn, *Allegro non troppo*, hefst á díabólísku hergöngulagi með kraftmiklum pákuslögum. Málmblásararnir kynna okkur orkumikið stef sem strengirnir keyra af afli inn í magnaða úrvinnslu. Eftir fallegan miðhluta þar sem við heyrum eitt af fallettri hornsólóum hljómsveitarbókmenntanna læðist marsinn inn að nýju, en nú mallar hann líkt og vél á stöðugum hraða og byggist upp í gríðarlegan lokapunkt í dúr þar sem tónendurtekningarnar stappa við sturlun. Spurningin sem hlustendur þurfa að velta fyrir sér er hins vegar sú, hvort að þetta sé bjartur endir eður ei? Stjórnvöld í Sovétríkjunum túlkuðu þetta sem glæsilegt niðurlag, fullt fagnaðar og bjartsýni. Almennigur heyrði eitthvað allt annað: þvingaðan fögnuð sem er barinn áfram í skugga ógnarinnar.

Tryggvi M. Baldvinsson

TÓNLISTIN OG SÍ

Sínfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt 5. sínfóníu Shostakovitsj 16 sinnum áður. Fyrst árið 1970 undir stjórn Bohdans Wodiczko. Hljómsveitin hefur leikið sínfóníuna tvisvar á tónleikum Listahátíðar í Reykjavík m.a. undir stjórn Andre Previns árið 1972. Þá fór hljómsveitin einnig með verkið á ferðlag um Þýskaland og Austurríki árið 2007 undir stjórn þáverandi aðalstjórnanda Rumon Gamba. Hún hljómaði einnig á tvennum opnunartónleikum fyrsta starfsársins í Hörpu árið 2011, þá undir stjórn Aðalheiðursstjórnanda sveitarinnar, Vladimir Ashkenazy. Síðast hljómaði 5. sínfónían undir stjórn Evu Ollikainen, núverandi aðalstjórnanda árið 2022. Þess má geta að Ungsveit Sínfóníunnar hefur flutt sínfóníuna tvívegis: Árið 2009 undir stjórn Rumon Gamba og 2018 undir stjórn Daniel Raikin.



TOMÁŠ HANUS & STEFÁN RAGNAR

5. MARS KL.19:30
ELDBORG HARPA

JÓN NORDAL
ADAGIO

LOWELL LIEBERMANN
FLAUTUKONSERT NR. 2

ANTONÍN DVOŘÁK
SVÍTA Í A-DÚR OP. 98B

BOHUSLAV MARTINŮ
SINFÓNÍA NR. 6

Stefán Ragnar Höskuldsson gegnir stöðu fyrsta flautuleikara hjá Fílharmoníusveit Berlínar. Því er það mikið gleðiefni að þessi stórkostlegi tónlistarmaður komi nú hingað heim til að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómsveitarstjóri er hinn tékkneski Tomáš Hanus, aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS

Á DÖFINNI

BRAHMS & SAARIAHO

FIMMTUDAGUR 22. JANÚAR KL. 19:30

Það svífur finnskur andi yfir vötnum á þessum tónleikum. Hljómsveitarstjórinn Jan Söderblom starfaði sem konsertmeistari í Filharmóníusveitinni í Helsinki og einleikarinn Veneri Pohjola er óvenju fjölhæfur tónlistarmaður, jafnvígur á tilraunakenndan djass og samtímatónlist. Fyrir hlé hljóma hljómsveitarverkið Hava eftir Lottu Wennäkoski og glæsilegur og tæknilega krefjandi trompetkonsert frá 2023 eftir Kaiju Saariaho. Á síðari hluta tónleikanna leiðir Söderblom svo flutning á hinni glæsilegu 2. sínfóníu Brahms frá sæti konsertmeistara.



MACMILLAN Á MYRKUM

FIMMTUDAGUR 29. JANÚAR KL. 19:30

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar á Myrkum músíkdögum verða frumflutt tvö ný íslensk tónverk, eftir þær Báru Gísladóttur og Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur. Þá hljómar hljómsveitarkonsert nr. 2 eftir Snorra Sigfús Birgisson en konsertinn hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem tónverk ársins 2024. Skotinn Sir James MacMillan, eitt þekktasta tónskáld samtímans, er hljómsveitarstjóri tónleikanna. Básúnukonsert hans frá árinu 2017 hljómar í flutningi Jóns Arnars Einarssonar, leiðara básúndeildar hljómsveitarinnar.



HLJÓMSVEITARSTJÓRA- AKADEMÍAN

FIMMTUDAGUR 5. FEBRÚAR KL. 12:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur nú í sjöunda sinn námskeið í hljómsveitarstjórn undir stjórn og leiðsögn Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra sveitarinnar. Í akademíunni fær ungt og efnilegt tónlistarfólk tækifæri til þess að spreyta sig á stjórnandapallinum undir styrkri handleiðslu Evu Ollikainen. Þátttakendur akademíunnar stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á hádegistónleikum í Eldborg sem eru opnir öllum og aðgangur er ókeypis.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA

Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Joanna Bauer
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Laura Liu
Laufey Jensdóttir
Jennifer Owen
Sigrún Harðardóttir
Lin Wei
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir

2. FIÐLA

Alexandra Woroniecka
Gunnhildur Daðadóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Emma Garðarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Salóme Stefánsdóttir
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marínósdóttir
Rita Þoríris
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Guðbjartur Hákonarson
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Urh Mrak
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Joseph Kaufman
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan

FLAUTA

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno

ÓBÓ

Julia Hantschel
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Tomer Ornan
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir
Francisco Soutinho Ventura

HORN

Justin Mange
Emil Friðfinnsson
Yi-Ling Shih
Alessandro Viotti
Samuel Sattler

TROMPET

Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Itamar Elis

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ

Liam Kaplan

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Marco Santos
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar

Margrét Ragnarsdóttir

markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Althea Wetter
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

CAROLINE SHAW: PORTRETT

FÖSTUDAGSRÖÐ



27. FEBRÚAR KL.18:00
ELDBORG HARPA

CAROLINE SHAW
ENTR'ACTE
IN MANUS TUAS
ITS MOTION KEEPS
LO, FÍÐLUKONSERT

Bandaríska tónskáldið, fiðluleikarinn og söngkonan Caroline Shaw er gestur hljómsveitarinnar á þessum tónleikum þar sem við kynnumst fjórum ólíkum verkum hennar. Caroline hefur hlotið fjölmörg Grammy-verðlaun en skaust upp á stjörnuhimininn árið 2013, þegar hún hlaut Pulitzer-verðlaunin. Hefðbundið tónleikaform verður brotið upp og mun hljómsveitin vera í hringuppstillingu á sviði og áhorfendur sitja umhverfis hljómsveitina. Ekki missa af einstöku tækifæri til að upplifa Caroline Shaw ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands og kammerkórnum Aurora undir stjórn Daniels Bjarnasonar.

Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir og án hlés.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS